

Hafnarfjarðarkaupstaður
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 24. apríl 2020
Tilvísun: 202004009 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis Hauka við Ásvelli, Hafnarfjarðarkaupstaður

Hafnarfjörður hefur, með erindi dags. 27. mars 2020, mótt. 2. apríl 2020, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 23. desember 2019. Athugasemdir bárust á kynningartímanum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn þann 18. mars 2020 ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, dags. 6. mars 2020.

Í deiliskipulagsbreytingunni er skilgreind ný 1 ha íbúðarlóð. Fyrirhugaðar eru 110 íbúðir á 2-5 hæðum auk bílakjalla fyrir 90 bílastæði. Heildarbyggingarmagn á íbúðarlóð er allt að 17.700 m². Á íbúðarlóð er einnig gert ráð fyrir 60 bílastæðum ofanjarðar. Á lóð íþróttasvæðis Hauka er gert ráð fyrir að knatthús sem fyrirhugað var sunnan við gervigrasvöll verði nú nyrst í lóðinni. Gert er ráð fyrir að byggingarmagn knatthúss sé 9.900 m² og samtengt því er gert ráð fyrir 900 m² þjónustuhúsi. Auk þess er gert ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús.

Framkvæmdir á svæðinu falla undir B-flokk framkvæmda og eru háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 gr. 10.03.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 9. september 2019, með breytingum í janúar 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi efnisgalla:

Þar sem deiliskipulagsbreytingin felur í sér framkvæmd sem tilgreind er í 1. viðauka-laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur breytingin jafnframt undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Deiliskipulagsbreytingunni fylgir ekki umhverfisskýrsla eins og ákvæði laga um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Umhverfisskýrslu ber að auglýsa í 6 vikur sbr. 7 gr. laga um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir